

Múlaþing
Lyngáasi 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 18. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0024
SS

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi vegna snjóflóðavarnarkeila í Seyðisfirði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 16. júní 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Múlaþings óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna breytinga á deiliskipulagi snjóflóðavarna í Seyðisfirði og samhliða breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér auknar snjóflóðvarnir í Bjólfshlíðum í Seyðisfirði. Gerðir verða þrjár nýir varnargarðar, tveir leiðigarðar og einn þvergarður ásamt fimm varnarkeilum norðan við einn garðinn, Öldugarð. Efni til framkvæmdar á varnargörðunum verður tekið innan framkvæmdarsvæðis og/eða úr Skaganámu. Ekki er því þörf á nýju efnistökusvæði.

Greint er frá umhverfisáhrifum skipulagsbreytingarinnar en töluverð ásjáðabreyting verur með tilkomu varnarkeilanna og eru áhrifin metin neikvæð fyrir landslag. Rask verður á gróðri innan framkvæmdarsvæðis, einkum gras- og mólendisvistum en áhrifin eru staðbundin og mögulegt er að endurheimta gróðurþekju að einhverju leyti. Lögð verður áhersla á frágang og uppgræðslu með það að markmiði að fella keilurnar sem best inn í landslagið og endurheimta gróður eins og mögulegt er.

Náttúrufræðistofnun telur vel gert grein fyrir skipulagsbreytingunni og umhverfisáhrifum hennar. Um nauðsynlega framkvæmd er að ræða fyrir öryggi þéttbýlisins og stefnt er að mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eins og mögulegt er. Mikilvægt er að fylgja eftir mótvægisáðgerðum fyrir gróður með vöktun. Náttúrufræðistofnun gerir því engar athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

